

## Reglur Arion banka hf. um útgjaldadreifingu

Í reglum þessum merkir orðið reikningseigandi umsækjandi um útgjaldadreifingu og Arion banki hf. er hér einnig nefndur „bankinn“.

1. gr. Reglur þessar eru samhljóða skilmálum útgjaldadreifingar og taka breytingum samhliða breytingum á skilmálunum.
2. gr. Útgjaldadreifing er greiðsluþjónusta sem sett er upp og viðhaldið af starfsmanni bankans gegn mánaðargjaldi. Ársútgjöldum er dreift á alla mánuði ársins eða eftir greiðsluáætlun. Umsamin upphæð er millifærð af skuldfærslureikningi viðskiptavinar inn á útgjaldareikning samkvæmt greiðsluáætluninni.
3. gr. Almennir viðskiptaskilmálar Arion banka, almennir skilmálar innlánsreikninga og reglur þessar eru hluti af samningi viðskiptavinar og bankans um útgjaldadreifingu. Þá eru gildandi verðskrá og vaxtatafla Arion banka eins og þær eru á hverjum tíma hluti af samningi Arion banka og viðskiptavinar um útgjaldadreifingu. Viðskiptavinur staðfestir að hafa kynnt sér almenna viðskiptaskilmála Arion banka og almenna skilmála innlánsreikninga, verðskrá bankans og vaxtatöflu eins og þær eru í dag og samþykkir þær með staðfestingu á þessum reglum eða undirritun á samning um útgjaldadreifingu.

Almennir viðskiptaskilmálar Arion banka, almennir skilmálar innlánsreikninga, verðskrá og vaxtatafla eru aðgengileg á heimasíðu Arion banka: [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).

4. gr. Með samþykki þessara reglna samþykkir reikningseigandi að gjöld og vextir vegna útgjaldareikningsins fylgi breytingum á verðskrá og vaxtatöflu bankans.

Öll gjöld sem reikningseiganda ber að greiða, vegna útgjaldadreifingarinnar verða skuldfærð af útgjaldareikningi viðskiptavinar hjá Arion banka.

5. gr. Reikningseigandi samþykkir greiðsluáætlun eins og hún er lögð fram við upphaf viðskipta eða við endurnýjun /breytingu áætlunarinnar. Geri reikningseigandi ekki athugasemd við greiðsluáætlunina innan 14 daga frá dagsetningu hennar er bankanum heimilt að líta á hana sem samþykkt. Bankanum er heimilt að endurnýja og/eða breyta greiðsluáætluninni hvenær sem er á samningstímanum.
6. gr. Greiðslur verða inntar af hendi samkvæmt gildandi greiðsluáætlun hverju sinni. Reikningseigandi veitir hér með bankanum heimild til að annast millifærslu af uppgæfnum skuldfærslureikningi sínum í Arion banka yfir á útgjaldareikninginn. Reikningseiganda er ljóst að upphæð sú sem dregin er af skuldfærslureikningi og leggst inn á útgjaldareikning getur tekið breytingum í samræmi við framangreint, til hækkunar eða lækkunar. Bankanum er heimilt en ekki skylt að hækka eða lækka millifærslur af skuldfærslureikningi reikningseiganda verði breytingar á útgjaldaliðum.

Bankanum er heimilt en ekki skylt að taka tillit til ýmissa þátta við endurnýjun greiðsluáætlunar, svo sem hækkun fastra útgjalda, verðbólgu o.fl.

Reikningseigandi samþykkir jafnframt að tilkynningar vegna greiðslna sem getið er í greiðsluáætlun verði sendar bankanum sem gerir skil á þeim fyrir eindaga.

7. gr. Óski reikningseigandi eftir að greiðsluáætlunin taki breytingum á gildistíma samningsins, gegn greiðslu breytingagjalds samkvæmt verðskrá, skal breytt greiðsluáætlun birt í netbanka. Geri reikningseigandi ekki athugasemd innan 14 daga frá birtingu greiðsluáætlunar, er bankanum heimilt að líta á hana sem samþykkt.
8. gr. Reikningseigandi ábyrgist að næg innistæða verði á skuldfærslureikningi á hverjum tíma, til millifærslu inn á útgjaldareikning. Sé ráðstöfunarfjárhæð á útgjaldareikningi ekki næg fyrir útgjöldum hverju sinni, standi reikningseigandi ekki við skuldbindingar samningsins að öðru leyti, eða ef upplýsingar sem reikningseigandi veitir bankanum vegna samningsins hafa reynst rangar í verulegum atriðum, ófullnægjandi eða villandi, er bankanum ekki skylt að inna greiðslu af hendi. Er bankanum þá heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust. Sama gildir ef umsækjandi er í vanskilum við bankann, ef gert er fjárnám hjá reikningseiganda, krafist nauðungasölu á eignum hans, hann leitar eftir heimild til greiðslustöðvunar, hann leitar eftir nauðasamningum við skuldheimtumenn sína eða eftirgjöf skulda, ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða ef krafa kemur fram um gjaldþrotaskipti á búi hans.

9. gr. Reikningseigandi óskar jafnframt eftir að geta fengið yfirdráttarheimild á útgjaldareikninginn. Um hámark yfirdráttarlánsins fer eftir umsókn á hverjum tíma. Reikningseigandi samþykkir að vextir af yfirdráttarheimild útgjaldareiknings verði skuldfærðar af honum mánaðarlega. Við uppsögn á samningi um útgjaldadreifingu fellur yfirdráttarheimild niður. Arion banki áskilur sér rétt til að fella niður framangreinda yfirdráttarheimild á hverjum tíma ef reikningseigandi uppfyllir ekki skilyrði almennra skilmála innlánsreikninga um yfirdráttarheimild.
10. gr. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni vegna útborgunar af útgjaldareikningi ef greiðslan er vegna rangra eða villandi upplýsinga frá viðskiptavini eða viðkomandi innheimtuaðila. Sama gildir um tjón vegna lagabreytinga, stríðsástands, verkfalls eða annarra óviðráðanlegra atvika. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður ef greiðslur eiga sér ekki stað ef ástæður þess eru ekki að rekja til óviðráðanlegra atvika. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður ef greiðslur eiga sér ekki stað ef ástæður þess eru ekki að rekja til mistaka af hálfu bankans.
11. gr. Reikningseigandi skal yfirfara reikningsyfirlit sitt í hverjum mánuði og gera athugasemdir innan 30 daga telji hann reikningsyfirlitið rangt. Reikningseigandi hefur að hámarki 13 mánuði til að gera athugasemdir við reikningsyfirlit en það gildir eingöngu ef hann getur sýnt fram á að bankinn hafi ekki gert reikningsyfirlit aðgengilegt í netbanka eða sent það í bréfpósti.
12. gr. Samningur um útgjaldadreifingu gildir þar til honum hefur verið sagt upp skriflega. Samningurinn er uppeggjanlegur af reikningseiganda og/eða bankanum hvenær sem er á samningstímabilinu með 6 vikna fyrirvara, nema við framangreind vanefndatilvik reikningseiganda.
13. gr. Útgjaldadreifing verður endurnýjuð sjálfkrafa til eins árs í senn hafi henni ekki verið sagt upp af öðrum hvorum aðila samnings um útgjaldadreifingu.
14. gr. Þegar bankanum berast upplýsingar um andlát reikningseiganda mun bankinn stöðva greiðslur skv. gildandi greiðsluáætlun.
15. gr. Séu umsækjendur um útgjaldadreifingu fleiri en einn hefur hver og einn þeirra umboð til að breyta samningi þessum og/eða greiðsluáætlun svo skuldbindandi sé fyrir alla umsækjendur. Reikningseigandi einn getur sagt upp útgjaldadreifingu.
16. gr. Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.
17. gr. Bankanum er heimilt að breyta reglum þessum og verðskrá bankans einhliða. Allar breytingar á reglum þessum og þá einnig á skilmálum útgjaldadreifingar verða tilkynntar tveimur mánuðum fyrir gildistöku á heimasíðu bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is). Í slíkri tilkynningu skal vakin athygli á því í hverju breytingarnar felast og rétti reikningseiganda til að segja samningi upp. Geri reikningseigandi ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar fyrir gildistöku breytinganna telst hann hafa samþykkt þær.

Reglur þessar tóku gildi í janúar 2018.